

Nefndarsvið alþingis  
Bt. efnahags- og viðskiptanefndar  
Smiðju, Tjarnargötu 9  
101 Reykjavík



Reykjavík, 30. apríl 2024

## **Efni: Umsögn um frumvarp til laga um Nýsköpunarsjóðinn Kríu, 154. mál á 154. löggjafarþingi.**

Viðskiptaráð hefur tekið til umsagnar ofangreind áform. Ráðið fagnar að með því sé stigið skref í átt að sameiningu sjóða sem falla undir málefnasvið ráðuneytisins og hvetur til áframhaldandi vinnu á fleiri málefnasviðum í samstarfi við önnur ráðuneyti. Fjöldi sjóða er mikill, mörg umsóknarkerfi eru í notkun, umhverfið er flókið og svo virðist sem verulega skorti yfirsýn sé hjá stjórnvöldum um fjárveitingar úr sjóðum.

Viðskiptaráð fagnar því að stigin séu skref til að einfalda sjóðakerfið. Líkt og ráðið hefur bent á í fyrri umsögnum og greiningu eru víða tækifæri til að einfalda kerfið, setja sjóðum skýrari leikreglur, sameina sjóði sem sinna sambærilegu hlutverki eða starfa innan sama fagsviðs og leggja niður sjóði sem ekki er þörf á að reka. Með þessum aðgerðum mætti spara um 2,5 milljarða á ári.<sup>1</sup>

Ráðið tekur undir þau markmið sem stefnt er að og þau sjónarmið sem liggja að baki sameiningaráformunum. Mikilvægt er að opinbert stuðningskerfi nýsköpunar styðji við öflugt atvinnulíf og samkeppnishæfni landsins, með sameiningu sjóða er hægt að auka hagkvæmni og gagnsæi, draga úr umsýslukostnaði en um leið auka skilvirkni opinberra fjárfestinga.

Í nýsköpunarstefnu Íslands er stefnt að því að tryggja nýsköpunar- og sprotafyrirtækjum góðan aðgang að sérhæfðum fjárfestingarsjóðum fyrir nýsköpun á sprotastigi og fyrstu stigum vaxtar. Opinbert stuðningsumhverfi nýsköpunar skuli vera skilvirkt og verkaskipting skýr, um leið og stuðningsferlar séu einfaldir og hraðir. Í stefnunni er jafnframt lagt til að opinberir aðilar í stuðningsumhverfi nýsköpunar eigi að jafnaði ekki beinan eignarhlut í sprotu- og nýsköpunarfyrirtækjum. Viðskiptaráð telur að fyrirliggjandi áformi falli vel að þessari stefnu.

Við skoðun á lögbundnum hlutverkum og markmiðum með Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins og Kríu er ljóst að þau eru nánast þau sömu og tækifæri til sameiningar þessara sjóða eru augljós.

2. gr. laga nr. 61/1997 um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins

*„Hlutverk Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins er að stuðla að uppbyggingu og vexti íslensks atvinnulífs með því að taka þátt í fjárfestingum í sprotu- og nýsköpunarfyrirtækjum“*

<sup>1</sup> Greining Viðskiptaráðs á sjóðaumhverfi ríkisins. <https://www.vi.is/skodanir/sjodagreining-2024>

1. gr. laga nr. 65/2020 um Kríu – sprota- og nýsköpunarsjóð.

*"Markmið laga þessara er að efla vöxt og samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs með því að stuðla að virku fjármögnunarumhverfi fyrir sprota- og nýsköpunarfyrirtæki."*

Viðskiptaráð ítrekar mikilvægi þess að aðkoma stjórnvalda að nýsköpun felist í því að tryggja að umhverfi sé hagstætt til nýsköpunar og fyrirtækjarekstrar. Vilji stjórnvöld hafa áhrif á þróun nýsköpunar á tilteknum sviðum eða í tengslum við samfélagslegar áskoranir á slíkt að eiga sér stað í gegnum gagnsæjar og faglegar leiðir eins og til að mynda samkeppnissjóði.

Nýsköpunarumhverfið er síkvikt og í stöðugri þróun en opinber stefnumótun, stuðningsumhverfi og opinbert fjármagn sem varið er til rannsókna, þróunar og sprotastarfsemi hefur veruleg áhrif á umfang og eðli þess. Því hvetur Viðskiptaráð til þess að nýr sameinaður sjóður verði sveigjanlegur svo hægt sé að bregðast við aðstæðum hverju sinni, en um leið verði hann ekki í beinni samkeppni við einkaaðila á markaði og heimildir hins nýja sjóðs verði skýrt afmarkaðar í fyrirhugaðri löggjöf.

Með öflugum stuðningsumhverfi nýsköpunar, sérstaklega á fyrri stigum, er byggt undir hugverkadrifið atvinnulíf. Nýsköpun og stuðningur við frumkvöðla gegna sífellt stærra hlutverki í uppbyggingu og þróun samfélagsins. Forsenda þess að árangri verði náð er að stuðningsumhverfið sé sem líkast því sem best gerist í öðrum löndum, skilvirkt, sveigjanlegt og fjármagni sé beint þangað sem þörfin er mest hverju sinni.

Viðskiptaráð mælist til þess að frumvarpið nái fram að ganga

Virðingarfyllst,



María Guðjónsdóttir  
Lögfræðingur Viðskiptaráðs Íslands